



Ársskýrsla 2020

Atvinnu- og viðskiptaþróun



Ársskýrsla 2020

Atvinnu- og viðskiptaþróun

Reykjanesbær, 5. febrúar 2021

Inngangur

Við upphaf árs var umsvifamesta markmið ársins 2020 að gera atvinnuþróunarstefnu og vinna úr henni kynningarefni á tækifærum til fjárfestinga í Reykjanesbæ. Með nýrri stefnu væri bæði mætt aðkallandi þörf til að efla sókn í atvinnumálum, sem og að taka þátt í innleiðingu yfirstefnu Reykjanesbæjar frá árinu áður. Önnur verkefni í starfsáætlun ársins voru:

- Að efla nýsköpun með því að skapa hvort sem væri á vegum Reykjanesbæjar eða annarra aðila, miðju nýsköpunar hvort sem væri í formlegu frumkvöðlasetri eða óáþreifanlegri leiðum.
- Auka þátttöku íbúa af erlendum uppruna í nýsköpun.
- Setja af stað og fá til svæðisins átök aðila í nýsköpun og fræðslu.
- Hagsmunagæsla og þátttaka í vinnu Kadeco.
- Koma á sambandi við flugvallarsveitarfélög á norðurlöndunum.
- Vinna með Reykjaneshöfn að þróun hafnarsvæðanna.
- Laða skemmtiferðaskip til Keflavíkurhafnar og þróa tækifæri tengd ferðapjónustu.

Það er skemmst frá því að segja að tilkomakóróna veirunnar og áhrif þeirrasóttvarnaraðgerða sem stjórnvöld gripu til setti áætlanir ársins í uppnám. Ná þurfti utan um efnahagsleg áhrif þeirra og skipuleggja og greina viðbrögð við þeim, ásamt því að endurskoða forgangsröðun verkefna út frá þeim breytingum sem urðu á stöðu mismunandi atvinnugeira.

Efnisyfirlit

Viðbrögð við efnahagslegum áhrifum Covid.....	5
Atvinnuþróunarstefna.....	6
Efling nýsköpunar.....	7
Kadeco.....	7
Lokaorð.....	8

Viðbrögð við efnahagslegum áhrifum Covid

Viðbrögð við efnahagslegum áhrifum Covid

Þegar ljóst var að mikil efnahagsleg áhrif yrðu í sveitarfélaginu af uppgangi kórónaveirunnar, var tekin ákvörðun um að setja saman verkefnahóp sem hefði það hlutverk að safna saman upplýsingum, greina þær og gera drög að mögulegum viðbrögðum.

Verkefnastjóra atvinnu- og viðskiptaþróunar var falin verkefnastjórn með verkefninu sem með dyggri aðstoð forstöðukonu Súlunnar setti saman verkefnalýsingu yfir umfang og markmið verkefnisins ásamt því að móta drög að viðbrögðum. Unnið var út frá þeirri framtíðarsýn að vernda eftir fremsta megni þá hluta atvinnulífsins sem ekki eru beintengdir flugi með auknum umsvifum á öðrum sviðum. Atvinnulífið gæti endurskipulagt sig út frá nýrri stöðu og ári liðnu myndi svæðið horfa á sumarvertíðina sem tíma vaxtar og framtíðar þar sem hægt yrði að fjárfesta og skipuleggja rekstur út frá eðlilegum forsendum.

Í framhaldi var sett saman verkefnateymi sem skipað var sviðstjóra umhverfissviðs, framkvæmdastjóra SSS, forstöðukonu Súlunnar, formanni bæjarráðs, verkefnastjóra fjölmeningarmála og aðstoðarkonu bæjarstjóra.s Í framhaldi voru settir upp fimm verkefnahópar sem unnu að mismunandi verkefnum og voru ýmist skipaðir starfsmönnum Reykjanesbæjar eða utanaðkomandi aðilum eftir því sem best þótti í hverju tilviki fyrir sig.

Þannig leiddi sviðstjóri umhverfissviðs framkvæmdahóp með sínu starfsfólki sem leitaði leiða til að auka mannaflsfræk verkefni á sama tíma og dregið væri úr fjármagnsfrækum verkefnum sem ekki leiddu til jafnmargra starfa.

Verkefnastjóri fjölmeningarmála leiddi námsúrræðahóp sem samanstóð af fulltrúum menntastofnana á svæðinu með það að markmiði að setja af stað eins mikið af menntaúrræðum og hægt væri auk þess sem tillögur væru gerðar til stjórnvalda um hvaða úrræði væri hægt að setja af stað. Markmiðið var að þeir sem misstu vinnuna hefðu tækifæri til að nota tímann til þess að auka þekkingu sína, ásamt því að létta um leið á vinnumarkaði og þannig draga úr atvinnuleysi.

Verkefnastjóri atvinnu- og viðskiptaþróunar leiddi svo vinnumarkaðshóp sem fylgdist með sívaxandi tölum um atvinnuleysi og leitaði leiða til að draga fram þau úrræði sem væru í boði og tók saman tillögur til stjórnvalda um um hvaða úrræði væri hægt að setja af stað.

Forstöðukona Súlunnar leiddi markaðshóp sem leitaðist við að halda utan um tíðindi af fyrirtækjum í efnahagslífi svæðisins ásamt því að hvetja til og halda utan um þau fjárfestinga- og framkvæmdaverkefni sem væri hægt að ráðast í.

Að lokum var svo almannatengslaþingur leiddur af aðstoðarmanni bæjarstjóra sem tók saman og veitti upplýsingar ásamt því að setja upp sérstakan vef til þess að hugmyndir bæjarbúa um verkefni og úrræði ættu greiða leið inn í stjórnkerfið. Var meðal annars haldinn borgarafundur í streymi þar sem bæjarbúar fengu erindi um stöðuna og gátu sent inn spurningar.

Niðurstöður þeirra verkefna sem ráðist var í komu fram á margvíslegum stöðum bæði innan og utan stjórnkerfis sveitarfélagsins sem og í formi tillagna til stjórnvalda.

Umsvífamest voru líklega sumarstörf fyrir námsmenn og ungmenni. Annars vegar var um að ræða þátttöku í úrræði stjórnvalda um sumarstörf fyrir námsmenn, en auk þess var öllum ungmönnum fæddum árið 2003 og yngri boðin vinna við Vinnuskóla Reykjanesbæjar.

Það er skemmst frá því að segja að öllum þeim ungmönnum sem uppfylltu skilyrði þessara tveggja úrræða og sóttu um starf hjá Reykjanesbæ í sumar, bauðst að starfa hjá bænum.

Samanlagður fjöldi ungmenna í störfum á vegum Reykjanesbæjar var 958 í júlí. Þar af voru 235 námsmenn í sumarstörfum og 723 í vinnuskóla eða sérstökum garðyrkjuhópi á vegum umhverfismiðstöðvar. Þetta var mikil aukning frá árinu 2019 en þá voru 446 ungmenni að störfum hjá Reykjanesbæ.

Atvinnuþróunarstefna

Í samræmi við nýja stefnu Reykjanesbæjar til 2030 sem samþykkt var á árinu 2019 þarf að gera undirstefnu fyrir atvinnuþróun. Ný atvinnuþróunarstefna þarf að skilgreina hvað felist í stefnu Reykjanesbæjar um fjölbreytt störf undir gildum um virðingu, eldmóð og síðast en ekki síst framsækni. Skýr atvinnuþróunarstefna gerir öðrum aðilum jafnframt kleyft að taka tillit til hennar í sínum áætlunum. Þannig auðveldum við samstarf og aukum líkurnar á því að hagsmunir sveitarfélags og íbúa komi fram í efnahagslegu umhverfi sveitarfélagsins.

Í skugga Covid eru áköll um aðgerðir í atvinnumálum. Viðbrögð við þeim áköllum geta aldrei orðið markviss nema unnin sé stefna sem leiði þær ákvarðanir sem teknar eru til skynsamlegrar niðurstöðu. Bæði til skemmri og lengri tíma. Kostnaðurinn af því að þróa ranga atvinnugeira getur orðið mikill, bæði í formi tíma, peninga og félagslegra vandamála.

Það var því mikilvægt, þrátt fyrir breytta stöðu og óvissu sem fylgdi mestu heilbrigðisógn sem heimurinn hefur staðið frammi fyrir í rúm 100 ár að leggja áfram áherslu á stefnumótun í atvinnumálum. Jafnvel enn mikilvægara en þegar starfsáætlun ársins 2020 var samþykkt.

Í gegnum atvinnuátakið ráðningarstyrk gafst færi á að ráða starfsmann til þess að aðstoða verkefnastjóra atvinnu- og viðskiptaþróunar við undirbúning stefnumótunarinnar og með þeirri ráðningu gafst svigrúm til þess að setja fullan kraft í þá vinnu.

Við lok árs var undirbúningsvinna og forsendugreining komin vel á veg og er það von verkefnastjóra atvinnu- og viðskiptaþróunar að á árinu 2021 verði til vel skilgreind atvinnuþróunarstefna sem gerir sveitarfélaginu kleyft að sækja fram gagnvart þeim atvinnugeirum sem stefnan segir til um, taka af festu og skilvirkni á móti fyrirspurnum, auk þess sem stefnan gerir samstarf við aðra þróunaraðila og stofnanir markvissara.

Efling nýsköpunar

Markmið ársins var að í sveitarfélaginu verði öflugt nýsköpunarstarf með kjarna (frumkvöðlasetri) þar sem eigi sér stað dínámísk vinna í átt að nýsköpunarverkefnum sem hafi eflandi áhrif á frekari nýsköpun. Þegar aðili fær nýsköpunarhugmynd sem hann vilji þróa áfram, viti hann hvert hann geti snúið sér til þess að fá aðstoð og fræðslu. Leitast var eftir því að kortleggja og draga að borðinu þá aðila sem hafa aðkomu að nýsköpunarmálum í sveitarfélaginu enda mikilvægt að þeir kraftar sem í málaflokkinn eru lagðir nýtist sem best. Úr varð að í samstarfi Eignarhaldsfélags Suðurnesja, Heklunnar og Keilis er unnið að því að setja upp frumkvöðlasetur innan veggja Keilis. Eignarhaldsfélagið hefur styrkt þá uppbyggingu og mun Heklan sjá um að veita frumkvöðlum þjónustu og fræðslu í samræmi við markmið starfsáætlunar. Þar á meðal um aukna áherslu á nýsköpun einstaklinga af erlendum uppruna.

Í samstarfi Heklunnar Keilis og Ferðaþjónustuklasans er í uppbyggingu Ferðaþjónustu akademían. Þar verður sérstaklega vikið að nýsköpun í ferðaþjónustu og verður spennandi að fylgjast með öflugum starfi hinnar nýstofnuðu akademíu.

Kadeco

Á árinu voru stigin mikilvæg skref í verkefnum Kadeco. Félagið fékk til liðs við sig alþjóðlegan ráðgjafa í stefnumótun flugvallarsvæða, Max Hirsh og voru haldnir fundir á árinu um mótun forsendugreininga fyrir alþjóðlegt útboð á ráðgjafavinnu við þróunaráætlun svæðisins. Fulltrúar Reykjanesbæjar hafa tekið þátt í vinnu Kadeco með þátttöku í vinnustofum og á fundum með starfsmönnum og ráðgjöfum félagsins þar sem áhersla hefur verið lögð á sameiginlega hagsmuni Reykjanesbæjar og Kadeco um farsæla uppbyggingu til framtíðar.

Hafntengd atvinnu- og viðskiptaþróunarverkefni.

Samstarf verkefnastjóra atvinnu- og viðskiptaþróunar og Hafnarstjóra hélt áfram á árinu. Ber þar hæst að nefna þróunarvinnu vegna framtíðarsýnar Reykjaneshafna á uppbyggingu Njarðvíkurhafnar. Í kjölfar þeirra framtíðarsýnar hefur Skipasmíðastöð Njarðvíkur lagt fram áætlanir um fjárfestingar í nýrri þurrkví á svæði félagsins við Njarðvíkurhöfn. Gengið var til samstarfs við SKN og Reykjaneshöfn um uppbyggingu skipaþjónustuklasa á hafnarsvæðinu í tengslum við fjárfestingar SKN. Undirbúningur klasauppbyggingar er í góðum farvegi, en á árinu var sótt um styrki til Uppbyggingarsjóðs Suðurnesja ásamt því að SSS sótti um styrk í sjóð sem tengist byggða áætlun fyrir kostnaði við undirbúningsvinnuna. Fengust samtals 10 milljónir til verkefnisins, tvær milljónir úr uppbyggingarsjóði og átta milljónir úr byggðaáætlun sem varið verður í vinnu við verkefnið á komandi ári.

Sökum algers frosts og óvissu af völdum Covid var ákveðið að bíða með frekari vinnu við að laða skemmtiferðaskip til Keflavíkurhafnar. En þegar úr leysis og ferðaþjónusta bæði hér innanlands sem utan eflist á ný verður haldið áfram með verkefnið.

Samstarf við flugvallarsveitarfélög

Það er skemmst frá því að segja að sökum anna og ferðatakmarkana vannst ekki tækifæri til að þróa þetta verkefni áfram á árinu.

Lokaorð

Í lok þessa sérstaka og krefjandi árs er ástæða til að taka sérstaklega fram að samstarf við mismunandi svið og starfsmenn sveitarfélagsins þróuðust með mjög jákvæðum hætti á árinu. Þeirri óvissu sem árið hafði í för með sér fylgdi mikill vilji starfsmanna til að standa saman og leita leiða til lausna. Sú menning sem þannig skapaðist á árinu mun þrátt fyrir allt verða verðmæt til framtíðar



REYKJANESBÆR

Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS